Ed. **160. Nefndarálit**

um frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingartillögum. Tveir nefndarmenn (SÁÓ og BBen) áskilja sér rétt til að flytja frekari brtt., en öll nefndin er sammála um þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 9. gr. Orðin „og annars til vara" í 2. mgr. falli niður, en í þeirra stað komi nýr málsl.: Ráðherra skipar og varamann oddvita.
2. Við 106. gr. Orðin „eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn" falli niður.

Alþingi, 29. ágúst 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Bjarni Benediktsson, fundaskr., frsm.	Hermann Jónasson.